

FRÉTTA BRÉF

Dansgarðsins



YFIRLIT

- Haustönnin
- Samfélagsstyrkur Krónunnar
- Foreldrafélag Dansgarðsins
- Mjóddamma vinnustofur
- Fréttir af Forward
- Viðtal við Lenu
- Hvað er á döfinni
- Minnum á...

HAUSTÖNNIN

UNGLIST

Framhaldsbrautin og Forward sýndu á Unglist, 5. nóvember. Sýnd voru brot úr Flæði eftir Camilo og HOFIE V. eftir Linde Rongen, auk þess var sýndur klassískur sóló úr Le Corsaire.



JÓLASÝNING

Nemendur Klassíska listdansskólans og Óskandi settu Hnotubrjótinn upp í lok nóvember, þriðja árið í röð. Draumur okkar er að sýningin verði hluti af jóladagskránni og það myndist hefð fyrir því að sjá Hnotubrjótinn fyrir hver jól en Hnotubrjóturinn er klassísk sýning sem má horfa á árlega eins og góða jólamynd.



SAMFÉLAGSSTYRKUR KRÓNUNNAR

Dansgarðurinn hlaut samfélagsstyrk frá Krónunnii til þess að geta tekið vel á móti börnum af erlendum uppruna.

Við erum mjög heppin að hafa fengið til okkar nemendur frá ýmsum löndum, það tekur oft tíma að komast inn í kerfið og samfélagið og við viljum geta tekið vel á móti öllum sem vilja dansa og þessi stuðningur mun aðstoða okkur við að gera enn betur.



FORELDRAFÉLAG DANSGARÐSINS

Ný stjórn foreldrafélagsins var skipuð á aðalfundi í mars s.l. Markmið hinnar nýskipuðu stjórnar er að efla félagsstarf í skólanum verulega frá því sem hefur verið þannig að nemendur skólans hafi tækifæri til að kynnst betur utan kennslu og efla tengsl sín enn betur.

Þegar hefur verið haldin spiladagur með nemendum á 1.-3. stigi og jólaball fyrir nemendur í forskólanum verður laugardaginn 10. desember. Stefnan er síðan að setja upp viðburði fyrir eldri nemendur skólans eftir áramót sem og að hafa frekari viðburði fyrir yngri nemendur.

Stjórn foreldrafélags Dansgarðsins

Emilía Þórðardóttir

Guðrún Sif Eldon

Gylfi Guðmundsson

Kristján Rúnarsson

Ragnhildur Sophusdóttir

Unnur Sigmarsdóttir

MJÓDDAMAMMA VINNUSTOFUR



Dansgarðurinn er með ókeypis aðventunámskeið þar sem foreldrar og börn skapa saman í kringum dansinn. Fyrsta vinnustofan var um teikningu og dans með Katrínu Gunnarsdóttur og Rán Flygenring. Næsta var tónlist og dans með Snædís Ingadóttur og Hermigervli og síðasta en ekki síst verður námskeið 11. desember með Hringleik.

Verkefnið er styrkt af Reykjavíkurborg og miðar að því að gera listiðkun aðgengilegri fyrir alla og nýta listsköpun til að skapa félagsleg tengsl milli fjölskyldna í Breiðholti.

FRÉTTIR AF FORWARD



Megum við kynna fyrir ykkur dansara Forwards í haust?

Hafey Lipka Þormarsdóttir, Álfheiður Karlsdóttir, Bryndís Ólafsdóttir, Freyja Vignisdóttir, Diljá Þorbjargardóttir, Kristína Rannveig Jóhannsdóttir, Assa Davíðsdóttir og Bergþóra Sól Elliðadóttir.

Frá því í ágúst hafa þær unnið með Felix Alejandro Urbano, Athanasia Kanellopoulou, Linde Rongen, Bryndísi Rögnu Brynjólfsdóttur og verið sjálboðaliðar á Reykjavík Dance Festival og stjórnað listamannaspjallinu!

Hópurinn hefur hlotið styrk frá Sviðslistarmiðstöðinni til að fara til Toulouse í Frakklandi í vor og vinna með danshöfundinum Julie Nioche og dönsurum úr „Extensions“ sem er nám fyrir unga dansara.

Næsta verk á dagskrá verður eftir Ernesto Camillo Valdes okkar og við erum spennt!

VIÐTALIÐ

NAFN

Lena Margrét Jónsdóttir

HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ AÐ DANSA Í DANSGARÐINUM?

Ég var á framhaldsbraut í Klassíska Listdansskólanum 2016–2019 og dansaði með Forward 2018–2019.



HVAÐ VAR SKEMMTILEGAST?

Ég á svo margar góðar minningar frá þessum tíma en það sem stendur upp úr eru allar stundirnar í kringum sýningarnar! Það er svo gaman þegar maður er búinn að vinna lengi að því að gera flotta sýningu með vinum sínum og kennurum og fá svo að deila því með áhorfendum!

HVAÐ VAR ERFIÐAST?

Það getur verið ótrúlega krefjandi að vera í svona strangri líkamlegri þjálfun en á sama tíma er maður að búa til svo dýrmætar minningar. Það er líka svo gaman þegar maður sér og finnur fyrir framförum, verður sterkari og kynnist líkamanum á nýjan hátt!

HVAÐ VAR EFTIRMINNILEGAST?

Allt fólkið og vinirnir sem ég kynntist!

HVERNIG UNDIRBJÓ DANSGARÐURINN ÞIG FYRIR HÁSKÓLANÁM Í DANSI?

Mér fannst Dansgarðurinn búa mig mjög vel undir háskólanám! Ég fékk að prófa og sjá svo marga á meðan ég var að dansa þar, bæði á framhaldsbraut og í Forward. Ég kynntist alls konar danskennurum og listamönnum, bæði frá Íslandi og erlendis frá, og kynntist bæði sögu dansins, ásamt því að læra um það sem er í gangi í dansheiminum í dag. Allt þetta gaf mér ólík verkfæri og reynslu sem hefur hjálpað mér að finna hvernig dansari mig langar að vera og finna hvar minn áhugi liggur sem samtímadansari.

AF HVERJU DANS?

Ég byrjaði í ballet þegar ég var í kringum 5 ára og fannst alltaf skemmtilegt að dansa en hugsaði ekki um það sem meira en áhugamál. Það var svo ekki fyrr en ég var í kringum 14 ára aldur að ég áttaði mig á því hvað ég hafði mikinn áhuga á dansi. Ég var stanslaust að hugsa um dans, t.d. ímynda mér dansrútinur þegar ég hlustaði á tónlist og mikið að horfa á video af dansi á youtube. Ég fann að mig langaði að fara æfa meira en vissi ekki hvaða möguleikar væru í boði og var hrædd um að það væri ekki neitt sem hentaði mér. Þegar ég var 18 ára fór ég í inntökupróf í Klassíska listdansskólanum sem var stórt skref úr fyrir þægindarammann. Eftir það var ekki aftur snúið og líf mitt hefur meira og minna snúist í kringum dans síðan. Námið og stuðningurinn sem ég fékk innan Dansgarðsins hefur opnað svo margar dyr síðan.

HVAÐ ERTU AÐ FARA AÐ GERA NÚNA EFTIR AÐ ÞÚ HEFUR ÚTSKRIFAST ÚR LHÍ?

Ég er núna stödd á Möltu í skiptinámi að klára síðustu önnina mína í bachelor dansnámi. Ég er ekki búin að ákveða hvað mig langar að gera eftir að ég útskrifast en ég hef mikinn áhuga á að vinna með alls konar fólki sem hefur ólíka reynslu af dansi og hreyfingu. Mig langar að halda áfram að þróa mig áfram sem listamann í samstarfi við fólk sem veitir mér innblástur.

EINHER RÁÐ FYRIR UNGA DANARA SEM STEFNA Á FREKARA NÁM Í DANSI?

Að vera opin fyrir öllum tækifærum sem gefast og ekki hika við að prófa eitthvað nýtt sem tengist dansi á einhvern hátt!

Á DÖFINNI

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

KRÍLADANS 1

3. febrúar – 17. mars

KRÍLADANS 2

4. febrúar – 18. mars

FULLORÐINSBALLETT

18. janúar – 22. febrúar

PILATES

3. janúar – 30. maí

**SKRÁNING FYRIR VORÖNN ER
HAFIN - HLÖKKUM TIL AÐ DANSA
MEÐ ÖLLUM Á VORÖNNINI.**

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

JÓLABALL DANSGARÐSINS

10. desember

Jólaball fyrir nemendur forskólans og skapandi dansins en það eru nemendur á aldrinum 3 – 7 ára.

LAGARSALA DANSGARÐSINS

13. og 15. desember

kl. 15–18

Grensásvegur 14

Dansgarðspeysur og bolir á afslætti.

SAFNANÓTT

Febrúar 2023

DANCE WORLD CUP Á ÍSLANDI

20. febrúar 2023

Borgarleikhúsið

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

18.–23. apríl 2023

FWD SÝNING

20. apríl 2023

Tjarnarbíó

VORSÝNING DANSGARÐSINS

31. maí 2023

MINNUM Á...

BÚÐIN OKKAR

Í búðinni er hægt að kaupa upptökur og ljósmyndir frá sýningum Dansgarðsins-Óskanda og KLS. Það er líka hægt að fá boli, peysur og buff merkt skólunum og Dansgarðinum.

INSTAGRAM OG FACEBOOK

Klassíski listdansskólinn, Óskandi og Forward eru öll á Instagram og Facebook, þar sem upplýsingar um viðburði og myndir eru settar inn reglulega.



TAKK FYRIR ÁRIÐ!